

— *Brjef stiptsyfirvaldanna til rektors hins lærða skóla, um inntökupróf o. fl.* 75  
 Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., hafið þjer, herra rektor, farið þess á leit, að stipts- 15. maí.  
 yfirvöldin staðfesti eptirfylgjandi ákvarðanir, sem samþykktar voru á kennarafundi hins lærða skóla 30. f. m.

1. Að ekki megi veita inntöku í skólann fleirum en 16 nýsveinum á ári.
2. Að nýsveinum verði gjört að skyldu að taka allir inntökuprófið í senn, annaðhvort á vorin, áður skóla er sagt upp, eða á haustin.
3. Að engi piltur megi sitja lengur en tvö ár í sama bekk, og sje honum sjálfvísað úr skóla, geti hann eigi flutzt upp úr einhverjum bekk eptir tveggja ára veru í honum.

Vjer getum nú að visu að mestu leyti fallizt á þessar uppástungur, en samt þykir oss ísjárvert að setja það sem fasta reglu, að ekki megi veita inntöku í skólann fleirum en 16 nýsveinum á ári, þar sem þetta gæti orðið til þess, að takmarka tölu skólapilta meira en nauðsynin útheimtir, með því það engan veginn er víst, að á hverju ári bjóðist 16 nýsveinar, en aptur getur verið, að annað árið verði nokkru fleiri en 16, sem æskja inntöku í skólann, og kynni þá mega veita þeim skóla, án þess skólinn yrði of fjölskipaður, ef tala nýsveinanna undanfarin ár hefði verið minni, eða á annan hátt fækkað í skólanum. En eptir því sem nú er ástatt, virðist vera ástæða til, að setja þessa ákvörðun fyrir næstkomandi skólaár, þó ef til vill með nokkurri tilhlíðrun fyrir þá sök, að inntökuprófið í þetta skipti verður að haldast tvisvar; en framvegis mætti við lok hvers skólaárs ákveða tölu þeirra nýsveina, sem næsta haust yrðu teknir inn í skólann, eptir því, sem á stæði í hvert skipti. Að nýsveinum verði eptirleiðis gjört að skyldu, að taka allir inntökupróf í senn, verðum vjer að álíta hagfellt, og nauðsynlegt til þess, að sjeð verði þegar fleiri beiðast inntöku í skólann en skóla geta fengið, hverjir fyrir kunnáttu sakir sjeu hæfastir til að fá inntöku, og skulum vjer í sambandi við þetta taka fram, að hinar lágu einkunnir, er margir nýsveinar hafa hlotið við inntökuprófin hin síðustu árin, og eptirfylgjandi framfaraleysi þeirra í 1. bekk skólans, virðist benda á, að kröfurnar til þeirrar þekkingar og andlegs þroska, er nýsveinar eiga að vera búnir að ná, til þess að skólinn geti veitt þeim viðtöku, hafi verið allt of linar. Eptir kringumstæðunum álitum vjer hagfældast, að inntökuprófið sje haldið á haustin, rjett áður en skólinn er settur, svo sem 12.—14. september, eptir nákvæmari ákvörðun rektors í hvert skipti; en þar eð það hefir tíðkast að undanfögnu, að halda nýsveinapróf bæði haust og vor, og breyting á þessu í þetta skipti naumast getur orðið almenningi kunnug í tækan tíma, álitum vjer, eins og ofan er á vikið, að ekki verði hjá því komizt, að halda nýsveinapróf einnig nú í vor við lok skólatímans, þó ekki nema í eitt skipti, einkum ef piltar úr fjarlægum hjeruðum kynnu að koma hingað og óska að fá sig prófaða, en að öðru leyti ætti prófið að haldast í eitt skipti á komanda hausti. Enn fremur erum vjer samþykkir uppástungunni um, að hver sá piltur missi skólann, sem ekki verður álitinn hæfur til að flytjast upp úr einhverjum bekk eptir tveggja ára veru í honum, þannig að þetta sje sett sem almenn regla; en ef rektor skólans og kennarar álíta nauðsynlegt að gjöra öldungis sjerstaka undantekningu frá þessari reglu sökum langvinnra veikinda hlutaðeigandi skólapilts, þá ætti að bera slíkt undir úrskurð stiptsyfirvaldanna í hverju einstöku tilfelli.

Að síðustu finnum vjer ástæðu til að gjöra þá ákvörðun, að engum skólapilti verði framvegis leyft að sofa í skólanum sem óreglulegum heimasveini. Annmarkarnir við það, að slíkt leyfi að undanfögnu hefir verið veitt, hafa opt og einatt komið í ljós, og ástandið

**75** í skólanum á síðastliðnum vetri, þegar hin langvinnu veikindi gengu þar, inniheldur í því  
15. maí. tilliti alvarlegar bendingar.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið sagt, staðfestum vjer eptirfylgjandi ákvarðanir til eptirbreytni:

1. Næstkomandi skólaár verður ekki veitt inntaka í hinn lærða skóla fleiri en hjer um bil 16 lærisveinum. Framvegis verður það af stiptysfirvöldunum ákveðið, eptir uppástungu rektors við lok hvers skólaárs, hversu margir nýsveinar geta fengið inntöku í skólann hið komanda ár.
2. Inntökupróf nýsveina skal framvegis halda einu sinni á ári, á haustin næstu dagana áður en skólinn er settur, eptir nákvæmari ákvörðun rektors. Þó má á yfirstandandi ári einnig halda inntökupróf í júnímánuði.
3. Ef piltur, sem hefur setið tvö ár í sama bekk, ekki verður álitinn hæfur til að flytjast upp úr bekknum, missir hann skólann. Vegna langvinnra veikinda skólapilts má gjöra undantekningu frá þessari reglu með úrskurði stiptysfirvaldanna eptir tillögum rektors.
4. Framvegis verður engum skólapilti veitt leyfi til að sofa í skólahúsinu sem óreglulegum heimasveini.

Um leið og vjer biðjum yður, herra rektor, að láta þessar ákvarðanir verða kunnar kennurum og lærisveinum skólans, skulum vjer geta þess, að vjer höfum hlutazt til um, að þær verði birtar á prenti í stjórnartíðindunum.

**76** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*  
15. maí. *gangnatak mörk milli 2 rjetta.* — Eptir að hafa meðtekið með 2 brjefum sýslumannsins í Húnavatnssýslu þær frekari skýringar viðvíkjandi gangnatak mörkum milli Skrapatungu- og Landsendarjetta, er jeg beiddist í brjefi mínu til yðar amtmaður, frá 5. júní f. á., vil jeg tjá yður úrskurð minn á þessu máli, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

Land það milli Hallár og Norðrár í Vindhælishreppi, er ágreiningur hefir verið um, hvort smala ætti til Landsendarjettar eða Skrapatungurjettar, er eptir því sem allir hlutadeigendur játa, heimalönd og búfjárhagar Vindhælishreppsmanna, en ekki partur úr Skrapatunguafrijet. Margir búendur í Vindhælishreppi nota landið fyrir afrjettarfe sitt, og var það lengi smalað til Skrapatungurjettar, sem var aðal skilarjett í suðurhluta Vindhælishrepps, en með því að margir Vindhælishreppsmenn voru óánægðir með þetta fyrirkomulag, komu þeir því til leiðar, að hreppsnefndin í Engihliðarhreppi, þar sem margir búendur nota Skrapatunguafrijet, átti fund við hreppsnefndina í Vindhælishreppi á Höskuldsstöðum 4. marz 1875 og var þar samþykkt af báðum hreppsnefndum að nýja skilarjett skyldi byggja á svo nefndum Landsenda, og að allt land fyrir norðan Norðurá skyldi ganga að þessari nýju rjett. Þessari samþykkt áfrýjuðu nokkrir búendur í Engihliðarhreppi til sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, er 12. júní 1875 fjellst á, að Landsendarjett yrði lögrjett; en aptur á móti úrskurðaði, að ganga skyldi til Skrapatungurjettar ekki að eins Skrapatunguafrijet en einnig landið þar fyrir norðan út að Hallá, eins og verið hafði áður, en Landsendarjett var gjörð lögrjett. Hreppsnefndirnar í Engihliðar og Vindhælishreppum áttu þar eptir nýjan fund með sjer að Höskuldsstöðum 17. nóvembr. 1875 og gjörðu þær nýja samþykkt um gangnatak mörkin milli nefndra rjetta, þannig að þau nú fyrst um sinn um 3 ár, yrðu sem næzt landamerkjum jarðarinnar Syðrieyjar og